

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 23. febrúar 2011 kl. 15:00 í Aðalbyggingu HÍ

Mætt voru: Auður Hauksdóttir, Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Ármann Jakobsson, Einar Sigurbjörnsson, Guðni Elísson, Irma Erlingsdóttir, Matthew Whelpton (fyrir Höskuld Þráinsson), Sigrún Sigurðardóttir, Róbert H. Haraldsson, Valur Ingimundarson, Vilhjálmur Árnason, Margrét Guðmundsdóttir og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð).

Fundargerð

1. *Almennt*

ÁE bauð fulltrúa RIKK, Guðna Elísson, velkominn, en þetta var fyrsti fundur stjórnar eftir að ný stjórn RIKK var skipuð.

2. *Fjárhagsáætlun 2011*

ÁE lagði fram tillögu að skiptingu framlaga til aðildarstofnana Hugvísindastofnunar. Samkvæmt deililíkani háskólans fær Hugvísindasvið 55 milljónir í sinn hlut í formi mótframlaga vegna styrkja sem sviðið fékk árin 2008 og 2009. Fjárveiting Hugvísindastofnunar hefur tekið mið af mótframlögunum undanfarin ár. Árið 2011 nemur þessi fjárveitin 25 milljónum. Hlutfallið sem fer til Hugvísindastofnunar er óvenjulágt í ár vegna niðurskurðar á framlögum til háskólans – og um leið Hugvísindasviðs – og breytist vonandi á næsta ári, rannsóknnum í hag. Í rekstur verkefna Hugvísindastofnunar, einkum í útgáfu *Ritsins* og í Hugvísindasöng, eru ætlaðar 3 milljónir. Þetta er 2 milljónum minna en undanfarin ár og er mögulegt vegna góðrar fjárhagsstöðu en verður ekki endurtekið öðruvísi en að draga verulega úr umsvifum. 1,25 milljónir fara í sjóði stofnunarinnar, þ.e. 15%. Markmiðið er að 25% af mótframlögum sem stofnunin fær í sinn hlut fari í sjóðina. Eftir standa 20,75 milljónir sem deilast út til aðildastofnananna.

Þrjár tillögur að dreifingu voru lagðar fram: 1) Lágmarkstrygging til allra stofnana upp á hálf milljón, nema til Guðfræðistofnunar sem fær kvartmilljón. Afgangurinn skiptist í hlutfalli við hve mikið af mótframlögum sviðsins koma í gegnum hverja stofnun. 2) Sama hlutfallsskipting og í 1 en án tryggingar. 3) Trygging, sama hlutfallsskipting og áður en þak sett á hámarksframlög vegna einstakra stórra styrkja (aðferðin sem var notuð 2010 og árin á undan). Formaður lagði til að tillaga 1 yrði samþykkt.

AH bað um yfirlit yfir styrkina sem mótframlögin eru reiknuð af til staðfestingar áður en endanlega er gengið frá greiðslum til stofnananna. IE sagði að sjálfstæðu stofnanirnar, RIKK, EDDA og Siðfræðistofnun, væru öðruvísi settar en hinar þar sem þær hefðu ekki sama félagagrunn og þær og taldi rétt að sjálfstæðu stofnanirnar væru utan almenna kerfisins við dreifingu mótframlaga. Um þetta varð nokkur umræða. ÁE benti á að ef stofnanir ættu að njóta sérstöðu innan Hugvísindastofnunar og fá hlutfallslega hærri fjárveitingu þá gætu þær ekki heldur þegið þjónustu Hugvísindastofnunar, ekki sótt í sjóði hennar og einnig yrðu þær að standa straum af kostnaði við húsnæði sjálfar. Einnig væri í sjálfu sér slæmt að slíta kerfið í sundur. IE og VI töldu sjálfstæðu stofnanirnar, sérstaklega EDDU, hafa mun meiri þörf á mótframlögunum vegna umfangs og eðlis starfseminnar og lögðu fram ýmis fleiri rök fyrir máli sínu. AH lagði til að skrifstofan skoðaði vel forsendur þessarar umræðu milli funda og að EDDA gerði grein fyrir af hverju þörf hennar væri svona sérstök og legði fram gögn því til stuðnings – það væri nauðsynlegt að byggja umræðuna á staðreyndum. Umræðu um málið var frestað og skrifstofan tók að sér að taka saman upplýsingar í samráði við EDDU.

Tillaga 1 var samþykkt samhljóða.

3. *Ráðning sérfræðinga við rannsóknastofnanir Hugvísindasviðs.*

ÁE kynnti tillögu að reglum við ráðningu sérfræðinga við rannsóknastofnanir Hugvísindasviðs. Við sviðið starfar fólk við stundakennslu og er virkt í rannsóknnum með styrki úr samkeppnissjóðum. Skipting starfsins milli kennslu og rannsókna getur verið svipuð og hjá föstum kennurum án þess að viðkomandi hafi skilgreinda stöðu við sviðið. Tillagan gengur út á að hægt sé að ráða fólk sem sérfræðinga (eða fræðimennt eða vísindamenn) við stofnanir þar sem launin eru sett saman úr launum vegna kennslu, rannsóknastyrkjum og hluta frá deild vegna stjórnunarstarfa. Í tilfellum þar sem sérfræðingur er ekki með rannsóknastyrk til að greiða hluta af launum gæti Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar veitt styrk að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. ÁE gerði tillögu að ráðningu þriggja sérfræðinga: Haralds Bernharðssonar og Þórhalls Eypórssonar, sem báðir eru með laun af rannsóknastyrkjum, og Sifjar Ríkharrðsdóttur, sem Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar gæti styrkt haustið 2011. Meðal skilyrða fyrir styrk frá Hugvísindastofnun er að sérfræðingurinn hafi lokið doktorsprófi og hafi þegar starfað við háskóla eða rannsóknastofnanir í a.m.k. þrjú ár, til dæmis í tímabundnum störfum eða á styrkjum úr samkeppnissjóðum. Einnig að þeir séu orðnir virkir rannsóknamenn, hafi birt ritrýnd rannsóknaverk og vinni að rannsóknarverkefni þar sem í sjónmáli er birting bókar og/eða greina á viðurkenndum, ritrýndum vettvangi á því tímabili sem um ræðir. Ráðning myndi alltaf byggja á hæfismati sem vísindasvið háskólans sér um.

Nokkur umræða varð um málið og var tillögunni almennt vel tekið. Meðal þess sem kom fram í umræðu var hvort þetta ætti ekki að eiga við hvaða góða fólk sem er óháð því hvort það væri komið á nýdoktorastig eða ekki; hvort ráðningar af þessu tagi ættu að vera ad hoc eða í kjölfar umsókna og þá frá hverjum (einstaklingum eða stofnunum); hvort það þyrfti ekki formlegra ferli. Einnig var kallað eftir nánari upplýsingum um sérfræðingana sem tillaga er um að ráða, m.a. hæfismati. Í svörum og umræðum kom fram að þessir styrkir Hugvísindastofnunar ættu ekki að vera á sama sviði og aðrir styrkir sem eru í boði (t.d. frá Háskólanum og Rannís) og því væri ekki heppilegt að blanda þessu við nýdoktorastyrki. Einnig kom fram að styrkir Rannsóknasjóðs Hugvísindastofnunar byggðust á því að hann fengi hlutdeild í rannsóknastigum vegna birtinga viðkomandi sérfræðings.

Samþykkt var að endurskoða regludrögin með það að markmiði að gera ferlið við ráðningu skýrara. Tillagan um ráðningu sérfræðinganna þriggja verður tekin á dagskrá þegar dómnefndarálit liggur fyrir og þá verður jafnframt lagt fram yfirlit yfir fjárhagslegar forsendur ráðninganna.

4. *Endurskoðun á Stuðningssjóðnum og nýir styrkir Rannsóknasjóðs.*

MG kynnti tillögu um endurskoðun á reglum Rannsóknasjóðs Hugvísindastofnunar. Breytingarnar eru í þá átt að skýra betur hverjir geti sótt um styrki og koma í kjölfar álitamála við síðustu úthlutanir. Nokkur umræða varð um tillöguna og lögð fram breytingatillaga við lið 6 a þess efnis að í umsóknum þyrfti að „setja fram markvissa og raunhæfa áætlun um uppbyggingu í rannsóknnum sínum og birtingu rannsóknaniðurstaðna á viðurkenndum vettvangi“. Ákveðið var að taka 7. lið til nýrrar endurskoðunar að ári.

Tillaga að breytingum á reglum var samþykkt einróma, með breytingartillögu við 6.a.

5. *Skipulag doktorsnáms.*

Umræðu frestað. ÁE sagðist vilja taka upp umræðu um skipulag og lengd doktorsnáms í vísindanefnd.

6. *Önnur mál.*

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17:00.